



LÍFBREY TILEIKI

hvað þurfa plöntur?

Verkefni fyrir 5-10 ára

Verkefni þar sem nemendur þjálfast í því að átta sig á fjölbreytileika plantna og nauðsynlegum skilyrðum svo þær geti vaxið og dafnað.



Markmið

- Að nemendur átti sig á fjölbreytileika plantna og nauðsynlegum skilyrðum svo þær geti vaxið og dafnað.
- Þjálfra rannsóknar- og ályktunarhæfni
- Þjálfast í kortalestri
- Þjálfast í að mæla með reglustiku
- Þjálfast í notkun á smásjá



Efni og áhöld

kort af skólalóðinni, blýantur, pappír, reglustika, ílát til að taka sýni, lítil skófla, smásjá, myndavél



Framkvæmd

- Nemendur fá kort af skólalóðinni þar sem búið er að merkja inn helstu plöntur.
- Nemendur fara út, finna plönturnar og kanna aðstæður í kringum eina þeirra: Hvert er hitastigið? Er jarðvegurinn rakur? Er birta eða skuggi? Ætli sé jarðvegurinn næringarríkur eða ekki?
- Nemendur gera rannsókn á algengri plöntu eins og t.d. túnfífli. Hægt er að skoða ólík vaxtar skilyrði og skoða fífil sem vex í sól annars vegar og skugga hins vegar. Mælið stilkinn og skráið lengd. Er hægt að draga ályktun af mælingunni? Hvort þrífst túnfífill betur í sól eða skugga? Ef jarðvegurinn er mjög þurr, þá vex túnfífill í sól hægar en túnfífill í skugga.
- Finnið plöntur á skólalóðinni sem eru með ólík vaxtarskilyrði. Takið myndir af þeim og búið til veggspjald með ólíkum plöntum og ólíkum vaxtarstað.
- Safnið saman jarðvegi á ólíkum stöðum og skoðið hann í smásjá.
- Sáið fræi í ólíkan jarðveg og skoðið í hvernig jarðvegi plantan þrífst best.
- Plöntur þurfa ólík vaxtarskilyrði. Plöntur eins og túnfíflar eru með breið blöð og vaxa vel á göngustígum, melgresi þrífst vel í sendnum jarðvegi en margar plöntur þurfa jarðveg sem er mjög næringarríkur.